

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Bt. Valgerður Gunnarsdóttir formaður

Reykjavík 22. mars 2017

Efni: Umsögn um drög að lagarfrumvarpi um farþegaflutninga og farmflutninga á landi.

Nordic Luxury ehf. vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd. Nordic Luxury ehf. er ferðaskrifstofa með rekstrarleyfi til fólksflutninga sem sérhæfir sig í að þjónusta einstaklinga og litla hópa sem óska eftir mjög háu þjónustustigi og í vel flestum tilfellum er um að ræða 1 – 8 farþega. Starfssvæði fyrirtækisins eru öll Norðurlöndin að Grænlandi meðtöldu.

1. Takmörkun farþegaflutninga við 9 farþega bifreiðar eða stærri.

Þessu fylgir gríðarlegt óhagræði fyrir fyrirtækið. Ferðaþjónustan á Íslandi hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Áður fyrr voru þetta aðalega ferðir með stærri hópa en nú er mikið um að minni hópar, fjölskyldur óski eftir þjónustu ferðaskrifstofa. Þessi takmörkun á lágmarksfarþega fjölda bifreiða vinnur gegn hagkvæmri nýtingu svo ekki sé minnst á umhverfispáttinn. Fráleitt er að aka verði með 3-4 manna hóp á 10 sæta bifreið um landið, þegar í boði eru mun hagkvæmari og umhverfisvænni bifreiðar með færri sæti.

2. Rekstur eðalvagna.

Mikilvægt er að heimila aðilum með rekstarleyfi til fólksflutninga rekstur eðalvagna til jafns á við handhafa leyfis til aksturs leigubíla. Viðskiptavinir Nordic Luxury óska iðulega eftir eðalvögnum á meðan dvöl þeirra stendur. Fráleitt er að ferðaþjónustufyrirtækjum sem eru með leyfi til farþegaflutninga sé ekki heimilt að eiga og reka eðalvagna til þess að þjónusta þá farþega sem slíkrar þjónustu óska.

Á hinum Norðurlöndunum er þessi takmörkun ekki í gildi. Þar hafa rekstraraðilar hópþjónuð heimild til að skrá eðalvagna á sín leyfi til jafns á við rekstraraðila leigubíla.

3. Leiga bílaleigubíla á álagstímum.

Eins og hjá öllum ferðaþjónustufyrirtækjum eru sveiflur í rekstri Nordic Luxury. Verði frumvarpið að lögum óbreytt, mun það þýða að félagið verður að eiga þann fjölda bifreiða sem þarf til að sinna rekstrinum þegar álagið er mest. Þetta mun þýða að fjöldi bifreiða stendur verklaus stóran hluta ársins.


Mun hagkvæmara er fyrir alla aðila að það sé heimilt að leigja bifreiðar til þess að mæta álagstoppum í rekstrinum.

Sama gildir ef bifreiðar félagsins bíla eða lenda í tjóni. Til þess að halda rekstrinum gangandi meðan bifreið er í viðgerð er nauðsynlegt að heimilt sé að leigja sambærilega bifreið og nota á meðan. Sé slík heimild ekki fyrir hendi er hætt við að mörg ferðaþjónustufyrirtæki lendi í vandræðum við að standa við skuldbindingar sínar.

Það er ósk okkar hjá Nordic Luxury ehf. að löggjöf um farþegaflutninga þjóni markmiðum sínum. Stjórnarskrár varið atvinnufrelsi skal ekki skerða nema að uppfyltum tilteknum þröngum skilyrðum. Ekki er því til að dreifa, náí þetta frumvarp fram að ganga í óbreyttri mynd.

Undirritaður óskar eindregið eftir því að fá að mæta á fund hjá nefndinni til að skýra þessi sjónarmið betur.

Virðingarfyllt,



Halldór Kristjánsson stjórnarform.

s.696-5000

halldor@nordicluxury.is